



Hvað er Svanni?

Svanni er lánatryggingasjóður sem veitir lán til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna (51%) og ekki þarf að leggja fram tryggingu fyrir láninu. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann sem afgreiðir, veitir og innheimtir lánin. Sjóðurinn ábyrgist helming lánsupphæðar og Landsbankinn helming.

Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á konum sem eiga og reka smærri fyrirtæki, að stuðla að því að auka hlut kvenna sem eigenda og stjórnenda fyrirtækja, að auka aðgengi kvenna að fjármagni til fyrirtækjareksturs, að fjölga störfum, að tryggja ráðgjöf og handleiðslu til kvenna sem fá ábyrgðir hjá sjóðnum vegna lántöku og að hvetja jaðarhópa kvenna, svo sem innflytjendur, til þátttöku í atvinnulífinu.

Lánatryggingasjóður kvenna hefur verið starfræktur frá árinu 2011 og er hann í eigu dómsmálaráðuneytis, atvinnuvegaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Stjórn sjóðsins skipa þau Guðrún Tinna Ólafsdóttir, Hákon Skúlason og Ellen Calmon.

Hverju lánar sjóðurinn fyrir?

Sjóðurinn lánar fyrir tilteknum verkefnum innan fyrirtækja sem geta verið á sviði vöruþróunar, markaðssetningar, kaupa á tækjakosti auk annara verkefna sem snúa að eflingu fyrirtækjanna.

Áhersla er lögð á atvinnusköpun innan fyrirtækja og að lánið nýtist til að stækka fyrirtækin og stuðla að frekari uppbyggingu.

Mat er lagt á viðskiptaáætlun fyrirtækisins og/eða þess afmarkaða verkefnis innan fyrirtækis sem sótt er um lán fyrir og er grundvöllur umsóknar.

Ekki er veitt ábyrgð á láni fyrir óhóflegum launakostnaði né launakostnaði eigenda sbr. við vöruþróun, sölu- og markaðsstarf og ekki er veitt ábyrgð á láni fyrir reglubundnum rekstrarkostnaði.

Til greina kemur að veita lán fyrir tækjum sem eru nauðsynleg rekstri- num og/eða verkefninu en þá með veði í umræddum tækjum. Lánað er fyrir kostnaðarverði tækjanna, að því gefnu að notkun á þeim leiði til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar.

Ábyrgð og upphæð lána

Hámarkslán til fyrirtækja er 15.000.000 kr. og ekki þarf að leggja fram tryggingu fyrir láninu.

Umsóknir

Sótt er um rafrænt á www.svanni.is.

Það sem þarf að koma fram í umsókn er:

- Upplýsingar um umsækjanda og kennitala fyrirtækis
- Viðskiptaáætlun
- Greinargóð lýsing á verkefni
- Lýsing á fjármögnun
- Endurgreiðsluáætlun
- Fjármögnunar- og endurgreiðsluáætlun ásamt staðfestingu á fjármögnun (ef við á)
- Staðfesting á eignarhaldi fyrirtækisins

Afgreiðsla umsókna

Opið er fyrir umsóknir allt árið og er lánun úthlutað að vori og hausti.

Stjórn Svanna leggur mat á umsóknir út frá gæðum viðskipta- hugmyndar og hversu líklegt er að verkefnið leiði til atvinnusköpunar. Landsbankinn metur lánshæfi út frá áhættumati og fjárhagsstöðu viðkomandi út frá þeim gögnum sem fylgja umsókn.

Afgreiðsla lána er síðan sameiginleg niðurstaða Svanna og Landsbankans.

Alls hafa borist 158 umsóknir frá byrjun starfsemi sjóðsins og eru afgreidd lán 34 talsins.

